

# 206. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 9. OKTÓBER 2013

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík kl. 9

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Kirkjuþing 2013 (forsætisnefnd kirkjuþings mætir á fundinn)
  - a) Undirbúningur þingstarfa
  - b) Mál kirkjuráðs, fylgiskjöl og flutningsmenn
  - c) Kynning annarra þingmála
3. Fasteignir
  - a) Bíldudalur
4. Fjármál
  - a) Fjárhagsáætlun 2014 – fyrri umræða
5. Skálholt
  - a) Ársreikningur 2012
  - b) Minnisblað vegna deiliskipulagsvinnu í Skálholti (frestað á síðasta fundi)
6. Önnur mál
  - a) Hugflæðisfundur kirkjuráðs

---

## 1. FUNDARSETNING, FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst kl. 9. Mætt voru biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Á fundinn mætti Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings, er rætt var um kirkjuþing 2013.

Fundinn sátu jafnframt Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð. Fundurinn hófst á ritningarlestri og bæn.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

---

## 2. KIRKJUÞING 2013

---

Lögð var fram málaskrá kirkjuþings 2013 og fundargerðir forsætisnefndar frá 6. og 21. september og 4. október 2013.

Forsætisnefnd beinir því til kirkjuráðs að Hjalti Zóphóniásson, lögfræðingur, verði fenginn til starfa á kirkjuþinginu líkt og á kirkjuþingi 2012.

Fjárhagsáætlun kirkjuþings 2013. Unnin hafa verið drög að fjárhagsáætlun fyrir kirkjuþing 2013.

Forsætisnefnd hefur ákveðið að kirkjuþing 2013 starfi í tveimur lotum, þ.e. í nóvember mánuði 2013, eins og þegar hefur verið boðað en fundum þingsins verði frestað og þeim framhaldið í febrúar- eða mars mánuði 2014. Jafnframt hefur verið ákveðið að hafa almennan umræðufund á kirkjuþingingu líkt og gert var á síðasta kirkjuþingi. Sérstök áhersla verði lögð á umfjöllun um fræðslumál kirkjunnar.

Kynnt var málaskrá kirkjuþings 2013, en nú liggja fyrir 30 mál.

Helstu mál eru sem hér segir:

*Kirkjuráð mun, auk skýrslu sinnar og fjármála þjóðkirkjunnar, leggja fram eftirfarandi mál:*

a. Tillaga að frumvarpi til breytinga á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Um er að ræða þingsályktunartillögu þess efnis að lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 verði breytt á þann veg að felld verði brott ákvæði um úrskurðar- og áfrýjunarnefndir og að fjárstjórnarvald verði fært til kirkjuþings. Jafnframt að ákvæði um aðsetur vígslubiskupa (16. gr) og ákvæði

um biskupafund (19. gr.) verði felld út úr lögnum. Málið var kynnt á þingmálafundi í Suðurprófastsdæmi þann 1. október 2013.

b. Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna. Um er að ræða sambærilegt mál og var samþykkt á kirkjuþingi 2012. Málið var kynnt á þingmálafundi í Suðurprófastsdæmi þann 1. október 2013.

c. Tillaga til þingsályktunar um miðaldadómkirkju í Skálholti. Málið var kynnt á þingmálafundi í Suðurprófastsdæmi þann 1. október 2013.

d. Tillaga að starfsreglum um samkirkjumál. Kirkjuráð samþykkti að flytja tillögu að nýjum starfsreglum um samkirkjumál, þar sem gert er ráð fyrir að unnin verði stefnumótun um samkirkjumál og forræði málaflökksins færast frá biskupi Íslands til kirkjuráðs.

e. Skýrsla kirkjuráðs og fjármál þjóðkirkjunnar verða lögð fram síðar, en þessi mál eru í vinnslu og ber að leggja fram þremur vikum fyrir kirkjuþing.

Framkvæmdastjóri gat þess að Prestafélag Íslands hefði óskað eftir að kirkjuráð flytti tillögu um siðareglur fyrir starfsmenn þjóðkirkjunnar, sjá síðar í fundargerðinni.

*Biskup Íslands kynnti og fór yfir eftirfarandi mál sem hann hyggst leggja fram:*

a. Tillaga til þingsályktunar um fræðslustefnu þjóðkirkjunnar. Málið var kynnt á þingmálafundi í Reykjavíkurrófastsdæmi eystra þann 4. október 2013.

b. Tillaga til þingsályktunar um sameiningu prestakalla. Um er að ræða 41. mál kirkjuþings 2012 um sameiningu prestakalla þ.e. niðurlagning embætta við sameiningu. Þingmálið var kynnt á Prestastefnu 2013, sem ályktaði um málið. Aflað var umsagna héraðsfunda o.fl. um tillöguna. Biskup / biskupafundur mun flytja málið að nýju með þeirri breytingu einni að gildistaka miðist við 1. janúar 2017. Málið var kynnt á þingmálafundi í Reykjavíkurrófastsdæmi eystra þann 4. október 2013.

c. Á kirkjuþingi 2012 var í 7. máli samþykkt ályktun þess efnis að beina því til biskups Íslands að kynna tillögu að sameiningu Garða- og Saurbæjarprestakalla, Vesturlandsprófastsdæmi. Biskup hefur kynnt þessa tillögu og mun bera málið upp á kirkjuþingi.

d. Í kjölfar kirkjuþings 2012 fékk biskup Íslands, frá kirkjuráði, tvö mál til umfjöllunar. Annars vegar um sameiningu prófastsdæma á suðvesturhorninu og hins vegar um sameiningu prestakalla á höfuðborgarsvæðinu. Biskup hefur kallað eftir og fengið viðbrögð við tillögnum. Í ljósi þess að nefnd kirkjuþings 2012 um framtíðarskipan prestsþjónustunnar er að störfum og mun skila tillögum á kirkjuþingi telur biskup rétt að biðja með frekari tillögur að skipulagsbreytingum uns umfjöllun þingsins liggur fyrir.

*Á vegum forsætisnefndar kirkjuþings verða lögð fram eftirfarandi mál:*

a. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009. Lagt er til að núgildandi ákvæði til bráðabirgða um heimild til forseta til fresta þingfundum um allt að sex mánuði verði gert varanlegt, að ekki sé skylt að halda þingmálafundi heldur heimilt og að framlagningarfrestur mála verði stytur í fjórar vikur í stað sex. Málið var kynnt á þingmálafundi í Suðurprófastsdæmi þann 1. október 2013 og Kjalarnesprófastsdæmi sama dag.

b. Að þjóðmálanefnd verði lögð niður. Málið var kynnt á þingmálafundi í Suðurprófastsdæmi þann 1. október 2013.

*Nefndir kosnar af kirkjuþingi 2012 munu leggja fram eftirfarandi mál:*

a. Tillaga til þingsályktunar um skipan prestsþjónustunnar (samstarfssvæði).

b. Tillaga að starfsreglum um val og veitingu prestsembætta. Nefndin mun skila kirkjuþingi áfangaskýrslu.

c. Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til þjóðkirkjulaga (heildarlög). Meginatriði málsins voru kynnt á þingmálafundi í Reykjavíkurrófastsdæmi eystra 3. október 2013. Frumvarp er tilbúið og hefur þegar verið sent forsætisnefnd.

d. Tillaga til þingsályktunar um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.

*Kirkjuþing unga fólksins 2013*

Kirkjuþing unga fólksins var haldið á vordögum 2013 og fulltrúi þess mun flytja mál á Kirkjuþingi 2013 um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins er varðar þingsköp o.fl. Málið var kynnt á þingmálafundi í Suðurprófastsdæmi þann 1. október 2013.

*Þingfulltrúar munu leggja fram eftirfarandi mál eins og best er vitað í dag:*

a. Tillaga að starfsreglum um niðurlagningu Hríseyjarprestakalls.

b. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 breyting á prestssetri á Möðruvöllum (prestssetrið verði íbúðarhús og lóð en ekki öll jörðin).

c. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 (niðurlagning prestssetra á Blönduósi, Hvammstanga og Skagaströnd)

d. Tillaga að starfsreglum um niðurlagningu prestssetra, þar sem lagt er til að gildistöku niðurlagningar prestsbústaða sem þegar hafa verið lagðir niður skv. ákvörðun kirkjuþings 2011 verði flýtt.

e. Tillaga að starfsreglum um sölu greiðslumarks.

- f. Tillaga til þingsályktunar um kyrrðarstarf.
- g. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, um boðun varamanna.
- h. Tillaga til þingsályktunar um prestsþjónustu fyrir Íslendinga í Danmörku og Svíþjóð.
- i. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um presta nr. 1110/2011, þess efnis að sóknarprestsembætti sé ávallt fullt starfshlutfall.
- j. Tillaga til þingsályktunar um auglýsingar prestsembættanna.
- k. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótun um stjórnsýslu þjóðkirkjunnar.
- l. Tillaga um skipun nefndar á vegum kirkjuþings um rekstrar- og fjármálastöðu þjóðkirkjunnar og skynsamleg viðbrögð við stöðunni. Nefndin skili tillögu og skýrslu til kirkjuþings á vörfundum 2014.

## **2. Skýrsla um hlunnindi af prestssetrum og öðrum jörðum kirkjunnar**

Á kirkjuþingi 2012 var samþykkt svofelld þingsályktun:

Kirkjuþing 2012 ályktar að fela kirkjuráði að láta vinna skýrslu þar sem öll hlunnindi og aðrar tekjur af prestssetrum og öðrum jörðum sem kirkjumálasjóður er skráður eigandi að koma fram. Upplýsingarnar verði birtar á kirkjuþingi 2013.

Framkvæmdastjóri gat þess að sakir manneklu á Biskupsstofu hefði ekki verið unnt að vinna að þessu máli með fullnægjandi hætti, en verkefnisstjóri fasteignasviðs á sviði stjórnsýslu og lögfræði hvarf til annarra starfa í ágústmánuði sl. Unnin var skýrsla um hlunnindi á síðasta ári og er hún grunnur að upplýsingum um þessi mál.

Framkvæmdastjóri gat þess jafnframt að reynt verði að vinna að uppfærðri skýrslu á næstu dögum eins og kostur er og senda kirkjuþingsfulltrúum. Forsætisnefnd telur eðlilegt að senda kirkjuþingsfulltrúum skýrslu síðasta árs enda sýnir hún í grunninn hver hlunnindin eru. Fjárhæðir kunna að hafa breyst á milli ára en það á ekki að koma að sök að mati forsætisnefndar. Þá telur forsætisnefnd rétt í ljósi þess sem rakið hefur verið að undanþágu megi veita frá þeim reglum sem gilda um framlagningu þingmála hvað varðar tímafresti og kynningu á þingmálafundum, kjósi einhverjir þingfulltrúar að leggja fram mál á grundvelli skýrslunnar.

## **3. Drög að samkomulagi milli Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands og Þjóðkirkjunnar.**

Kynnt voru drög að samkomulagi milli Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands og Þjóðkirkjunnar. Um er að ræða samkomulag sem unnið er á grundvelli ályktunar kirkjuþings 2011 svohljóðandi:

„Kirkjuþing 2011 ályktar að kirkjuráð skipi þriggja manna nefnd til að fara yfir samkomulag þjóðkirkjunnar og guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands um samfylgdarkerfið og samvinnu um kennimannlegt nám. Nefndin hafi samvinnu við aðila samningsins, þ.e. guðfræði- og trúarbragðafræðideild, biskup Íslands og vígslubiskupa á Hólum og í Skálholti.“

#### **4. Beiðni Prestafélags Íslands um framlagningu starfsreglna um sátta – og siðanefnd þjóðkirkjunnar**

Lagt var fram skjal frá Prestafélag Íslands þar sem settar eru fram tillögur þess efnis að skipuð verði sátta- og siðanefnd þjóðkirkjunnar sem hafi það verkefni að fjalla um kærur á grundvelli „Siðareglna vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar“ sem settar voru af Kirkjuþingi 2010. Kirkjuráð samþykkti að vísa erindi Prestafélagsins til biskups Íslands.

---

### **3. FASTEIGNIR**

---

- a) *Bíldudalur. Prestsbústaðurinn á Bíldudal hefur verið auglýstur til sölu.*
- b) *Fundargerð fasteignanefndar þjóðkirkjunnar frá 21. ágúst sl. lögð fram til kynningar.*
- c) *Hitaveita fyrir prestssetrið í Fellsmúla í Landsveit. Lagt var fram til kynningar stofnsamningur og samþykktir fyrir hlutafélag um hitaveitu í Landsveit sem stofnað er að tilhlutan Orkustofnunar.*
- d) *Lagt var fram til kynningar bréf frá sóknarpresti í Saurbæ um vanskil lóðarleigu á prestssetursjörðinni Saurbæ.*
- e) *Lagður var fram til kynningar og samþykktar lóðarleigusamningur, Sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveitar og fasteignanefndar þjóðkirkjunnar, f.h. prestssetursjarðarinnar Saurbæjar í Hvalfjarðarsveit, um landsspildu úr landi Saurbæjar. Framkvæmdastjóri kynnti málið. Kirkjuráð samþykkti lóðarleigusamninginn, eins og hann var kynntur á fundinum. Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá samningnum.*

---

### **4. FJÁRMÁL**

---

- a) *Fjárhagsáætlun 2014 – fyrri umræða.*  
Fjármálastjóri reifaði stöðu fjármála kirkjunnar með tilliti til fjárlaga og niðurskurðarkröfu ríkisins. Magnhildur Sigurbjörnsdóttir verkefnisstjóri kynnti umsóknir í Jöfnunarsjóð. Kirkjuráð samþykkti að fresta afgreiðslu fyrri umræðu fjárhagsáætlunar kirkjunnar til næsta fundar sem haldinn verður í kirkjumíðstöðinni á Eiðum á Héraði 15. október nk.

---

### **5. SKÁLHOLT**

---

- a) *Ársreikningur 2012, frestað til næsta fundar.*
- b) *Minnisblað vegna deiliskipulagsvinnu í Skálholti, lagt fram til kynningar.*

- c) *Á fundi kirkjuráðs í ágúst var eftirfarandi bókað:*  
„*Ferðaðþjónusta í Skálholti*. Fjármálastjóri lagði fram lauslegt yfirlit um afkomu ferðaðþjónustu í Skálholti byggt á ársreikningum 2006-2011. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að vinna tillögur að því að reksturinn í Skálholti verði leigður út, þar sem ákveðin tímabil eru ætluð fyrir kirkjuleg námskeið og ráðstefnur.“ Spurt var um stöðu mála, um tillögur að útboði á hótél- og veitingarekstri í Skálholti. Bókunin hefur verið kynnt forsvarsmönnum í Skálholti sem tóku ekki vel í hugmyndina. Fleira hefur ekki verið gert í málinu, að svo stöddu. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri munu vinna málið áfram.

---

## 6. ÖNNUR MÁL

---

- a) *Hugflæðisfundur kirkjuráðs*  
Hugflæðisfundur kirkjuráðs verður haldinn á Eiðum 15. október og hefst kl. 9. Kirkjuráð mun í framhaldi fundarins taka þátt í leiðarþingi Austurlandsprófastsdæmis sem haldið er sama dag á Eiðum kl. 18.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:35

Næstu kirkjuráðsfundir verða haldnir 15. október, 15. nóvember og 11. desember.

Þorvaldur Víðisson  
Biskupsritari

Agnes M. Sigurðardóttir  
Biskup Íslands